

Föstudaginn 9. maí 1924.

Nr. 5/1924.

Valdstjórnin (Guðm. Ólafsson)
gegn

Margrjeti Zoëga (Björn P. Kalman).

Spurning um gildi vinveitingaleyfis kærðu.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 7. febr. 1924: Kærð, Margrjet Zoëga, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er rjettilega tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að kærða misti rjett sinn til áfengisveitinga að fullu er 9. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 gekk í gildi og gat kærða ekki öðlast rjettinn á ný nema með nýju leyfi samkvæmt ákvæðum reglugjörðar nr. 65, 18. júlí 1922. Hefir kærða því með því að byrja áfengisveitingar á ný án slíks leyfis gjörst brotleg gegn 15. gr. sbr. 9. gr. nefndrar reglugjörðar. Og með tilliti til þess, að kærða taldi sig rjett til að veita áfengi samkvæmt leyfisbrjefinu 4. júní 1883 og hefir haldið því fram, að hún hafi byrjað áfengisveitingarnar til þess að fá dóm um gildi leyfisbrjefsins, þykir eftir atvikum mega ákveða refsinguna, samkvæmt 15. gr. reglugjörðarinnar og 15. gr. 2. málgr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917, 200 kr. sekt í ríkissjóð, eins og gjört er í hinum áfrýjaða dómi. Það ber því að staðfesta lögreglurjettardóminn, er að öðru leyti skirskotast til.

Kærða greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. Kærða, Margrjet Zoëga, greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málaflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Björns P. Kalman, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir kærnu frá lögreglunni höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn ekkjufrú Margrjeti Zoëga, Laufásveg nr. 7 hjer í bænum, fyrir brot á ákvæðum aðflutningsbannslaganna.

Kærð er ekkja eftir Einar Zoëga, veitingamaður, sem með amtsbrjefi dagsettu 4. júní 1883 fjekk leyfi til að selja allar hin- ar sömu veitingar og aðrir gestgjafar hjer í bænum og hjelt hann áfram gestgjafaatvinnu til dauðadags, en að honum látnum hjelt ekkja hans áfram atvinnunni þar á meðal veitingu áfengra drykkja og var hún orðin ein um rjettinn til þess hjer í bænum er lögin um aðflutningsbann áfengis nr. 44/1909 gengu að fullu í gildi 1. janúar 1915, en með 9. gr. greindra laga var hún svift áfengisveitingarjettinum. Höfðaði hún þá mál gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs til skaðabóta fyrir þessa rjettar- sviftingu en með dómi hæstarjettar í því, uppkveðnum 22. októ- ber 1918, var ráðherrann fyrir hönd landssjóðs sýknaður af kröf- um hennar í málinu. Er það tekið fram í forsendum tjeðs dóms (Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum X. bls. 603), að bannið í nefndri lagagrein sje að eins beiting af valdi því eða heimild, sem löggjafarvaldið hafi til þess að setja almennar reglur um atvinnumálin og geti kærð því ekki bygt skaðabótakröfu á ákvæðinu í 50. gr. í stjórnarskránni frá 5. janú- ar 1874.

Nú í vetur varð lögreglan þess vör, að kærð seldi vín frá Áfengisverslun ríkisins í veitingastofum, er hún hefir opnað í húsi sínu nr. 12 við Austurstræti hjer í bænum og hóf rannsókn út af

því, og með bræfi lögreglustjóra dagsettu 29. desember f. á. var málið sent hingað til dómsmeðferðar.

Kærð hefir kannast við það, að hún hafi selt vin frá Áfengisverslun ríkisins með mat í tjeðum veitingastofum sínum og heldur því fram, að hún hafi fullan rjett til þessa eftir áfengisveitingaleyfi manns síns sáluga frá árinu 1883. Lítur hún svo á að aðflutningsbannslögin sjeu að nokkru leyti upphafin og við það hafi áfengisveitingarjettur sinn raknað við aftur.

Þá vill kærð og byggja rjett sinn til áfengisveitinganna á forsendum landsyfirrjettardómsins í framannefndu skaðabótamáli hennar (Landsyfirrjettardómar X. bls. 20), þar sem í þeim sje gengið út frá fullkomnu aðflutningsbanni áfengis, en „praktist“ sjeu aðflutningsbannslögin nú afnumin og geti því hvorki orð þeirra nje andi verið því til fyrirstöðu, að hún haldi áfengisveitingaleyfi sínu og áfengisveitingunum áfram, þar sem leyfi sitt hafi verið ótímabundið og að eins fallið niður um stundarsakir vegna aðflutningsbannsins.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar að rjetturinn til áfengisveitinga hafi að fullu verið tekinn af kærðu með áðurnefndri 9. gr. laga nr. 44/1909 og hún því ekki getað öðlast hann aftur með tilskipun nr. 10/1922 sbr. lög nr. 9/1922. Kærð hefir ekki öðlast heimild til vínveitinga samkvæmt 9. gr. reglugjörðar nr. 65/1922 (Stj. t. s. á. B. bls. 143) og hefir því með framferði sínu gjörst brotleg gegn ákvæðum 15. greinar reglugjörðarinnar. Þykir refsing sú, er hún hefir til unnið fyrir það eftir 9. sbr. 15. gr. laga nr. 91/1917, hæfilega ákveðin 200 króna sekt, er renni í ríkissjóð. Svo greiði kærð og allar af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

